



Titleist holukeppnin

Reglur og framkvæmd

1. gr - Almennt

Golfklúbbur Mosfellsbæjar stendur fyrir Titleist holukeppninni á hverju sumri. Undankeppni Titleist holukeppninnar fer fram í maí og holukeppnin hefst síðan í framhaldinu. Titleist holukeppnin er innanfélagsmót og því aðeins félagsmenn GM sem hafa þátttökurétt.

2. gr – Keppendafjöldi og skipulag

Ótakmarkaður keppendafjöldi er í undankeppninni. Leikin er 18 holu punktakeppni með forgjöf á Hlíðavelli. Hámarksforgjöf í undankeppninni er 24 hjá körlum og 28 hjá konum.

Það ræðst af þátttakendafjölda hversu margir kylfingar komast áfram í hina eiginlegu holukeppni í karla og kvennaflokki:

- Fleiri en 128 kylfingar - 128 komast áfram í holukeppnina
- 64-127 kylfingar - 64 komast áfram í holukeppnina
- 32 - 63 kylfingar - 32 komast áfram í holukeppni
- 16 - 31 kylfingur - 16 komast áfram í holukeppni

3. gr – Leikfyrirkomulag í holukeppni

Kylfingar leika sín á milli með fullri forgjöf. Hámarks forgjöf hjá körlum er 24 og 28 hjá konum. Heimilt er að leika holukeppnina á báðum vallarsvæðum.

4. gr – Útreikningur forgjafar

Kylfingar leika sín á milli með forgjöf en hámarks forgjöf er 24 hjá körlum og 28 hjá konum. Forgjöf hvers leiks er mismunur á vallarforgjöf leikmanna sem mætast.

Dæmi: Kylfingur A er með 7 í vallarforgjöf og kylfingur B með 24 í vallarforgjöf. Þá er mismunurinn 17 (Kylfingur B fær þá 1 högg í forgjöf á 17 erfiðustu holurnar).

5. gr – Skil á úrslitum

Úrslitum í Titleist holukeppninni er skilað rafrænt með því að fylla inn formið á eftirfarandi slóð:

<https://goo.gl/forms/yY7deNo5G8MQBYOS2>